

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hrótey í Blöndu.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hrótey í Blöndu. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

1. gr.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds.

2. gr.

Óheimilt er að hafa næturdvöl innan marka fólkvangsins.

3. gr.

Gestir skulu fylgja stígum og virða merkingar og lokanir sem kunna að verða settar upp tímabundið vegna lífríkisverndar.

4. gr.

Ekki er heimilt að vera með opinn eld í eygni, og er notkun ferðagrilla þar með talin.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 16. júní 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.